

## Þingskjal 8

## Tillaga til lagabreytinga

## Lög KSÍ

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á 11., 14. og 15. grein laga KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

## 11. grein - Dagskrá

11.1 Dagskrá knattspyrnuþings er:

- a. Þingsetning og staðfesting á lögmati þingsins í samræmi við lög þessi.
- b. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- c. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- d. Kosning fyrsta og annars þingritara.
- e. Ávörp gesta.
- f. Álit kjörbréfanefndar og það samþykkt.
- g. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
- h. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ.
- i. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga, skýrslan og reikningar lagðir undir samþykki.
- j. Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.
- k. Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.
- l. Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.
- m. Önnur mál.
- n. Kosningar. Álit kjörnefndar.
  1. Kosning stjórnar.
    - a. Kosning formanns (annað hvert ár).
    - b. Kosning 4ra manna í stjórn.
    - c. Kosning 3ja varamanna í stjórn.
  2. Kosning fulltrúa frá landsfjórðungum.
    - a. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
    - b. Kosning 4ra varamanna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
  3. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
  4. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
  5. Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ (8 menn annað hvert ár).
  6. Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ (3 aðalmenn og 5 varamenn).
  7. Kosning í leyfisráð KSÍ (5 menn annað hvert ár).
  8. Kosning í leyfisdóm KSÍ (5 menn annað hvert ár).
  9. Kosning fulltrúa í kjaranefnd

- a. Kosning 3ja manna í kjaranefnd (annað hvert ár).
  - b. Kosning varamanns í kjaranefnd (annað hvert ár).
  - 10. Kosning kjörnefndar, (3 menn), er starfi milli þinga.
  - o. Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF í stjórn **og eins fulltrúa varamanns í stjórn** (annað hvert ár).
  - p. Fundargerð þingsins borin upp til afgreiðslu.
  - r. Þingslit.
- 11.2 Stjórn KSÍ skal senda ÍSÍ og sambandsaðilum KSÍ fundargerð þingsins innan tveggja mánaða.

## V. STJÓRN KSÍ

### 14. grein - Skipulag stjórnar KSÍ

- 14.2. Auk kjörinna fulltrúa á ársþingi samkvæmt grein 14.1, skal formaður hagsmunasamtaka félaga í efstu deildum (Íslenskur toppfótbolti) sitja í stjórn KSÍ, enda séu a.m.k. 2/3 hluti félaga í efstu- og næst efstu deild karla og kvenna aðilar að samtökunum og formaður samtakanna kjörinn af fulltrúum félaganna. **Varaformaður ÍTF, sem jafnframt skal kjörinn af fulltrúum aðildarfélaga ÍTF, tekur sæti á stjórnarfundum KSÍ ef formaður er forfallaður.** Fulltrúi hagsmunasamtaka félaga í efstu deildum (Íslenskur toppfótbolti) í stjórn KSÍ, **og varamaður**, skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og stjórnarmenn, skv. grein 15.2.

### 15. grein - Kosning stjórnar KSÍ

- 15.1 Stjórn KSÍ er kosin á knattspyrnuþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Kosning skal fara þannig fram:
- a. Kosning formanns, annað hvert ár, til tveggja ára í senn. Formaður skal ekki sitja lengur en sex kjörtímabil samfleytt.
  - b. Kosning fjögurra manna í stjórn til tveggja ára. **Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF til tveggja ára í stjórn KSÍ, skv. grein 14.2.**
  - c. Kosning 3ja manna til vara í stjórn til eins árs. **Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF til vara stjórn KSÍ, skv. grein 14.2.**

### *Greinargerð*

Með þessari tillögu er verið að bregðast við því að samþykktum ÍTF hefur verið breytt á þann veg að varaformaður ÍTF er kjörinn sérstaklega og er staðgengill formanns ef formaður er forfallaður. Þegar komið hefur fyrir að formaður ÍTF hefur ekki komist á fundi stjórnar hefur ekki verið heimild til þess að inn sé kallaður sérstakur varafulltrúi fyrir hönd samtakanna. Eðlilegt er að ákvæðinu sé breytt þannig að fulltrúi ÍTF hafi ávallt tækifæri til þess að vera á fundum stjórnar KSÍ og því er breytingatillagan lögð fram. Eftir sem áður er ákvæði um að viðkomandi aðili þurfi að vera sérstaklega kjörinn á aðalfundi ÍTF líkt og gildir með formanninn.

**Orri Hlöðversson stjórn KSÍ/ÍTF**